ANTIKVA EHF 2018

# Fornleifaskráning í Garða- og Gálgahrauni

# Deiliskipulag Garðahrauns neðra

Ragnheiður Traustadóttir, Margrét Valmundsdóttir og Ómar Smári Ármannsson





**Mynd 1 Þang úr fjörunni við Lambastaðatjörn**

Forsíðumynd: Málningaslettur í Garðahrauni eftir Jóhannes Kjarval Sveinsson.

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Jakob Sindri Þórsson

Kortagerð: Margrét Valmundsdóttir

www.antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-9222-4-3

Ljósmyndir voru teknar af höfundum nema annað sé tekið fram.

@ Ragnheiður Traustadóttir

# Efnisyfirlit


Efnisyfirlit ........ 3

Ljósmyndaskrá ........ 6

Inngangur ........ 8

Fyrri fornleifaskráningar ........ 9

Tilgangur fornleifaskráningar ........ 10

Fornleifaskráning og aðferðir ........ 13

Jarðarnúmer ........ 13

Tegund, hlutverk og heiti ........ 13

Staðsetning ........ 14

Staðhættir og lýsing ........ 14

Hættumat ........ 14

Fornleifar á svæðinu ........ 16

Þurrkgarðar [698-699-709-710-711-712-713-714-715-716-717-719-761-762] hleðslur ........ 16

Naust [706] tóft hleðsla ........ 17

Stekkur [708] aðhald hleðslur ........ 18

Sjóbúðir – óþekkt [720-756] tóftir ........ 18

Kjarvalsklettar [750-1824] mótív og málningaslettur ........ 19

Þúst [752] ........ 21

Aðhald [753] hleðsla ........ 21

Naust [754] hleðsla ........ 22

Leið [755] og 759] gata ............ 22
Tóft [757] hæsnakofi æðarvarp ............ 23
Girðing [758] og [705] garðlag ............ 24
Skjól [851] ............ 25
Fornar leiðir í hrauninu ............ 26
Móslóði [845] gata ............ 27
Álftanesgata - Fógetastígur nyrðri og syðri [846] og [847] ............ 28
Leið [849] gata að Grænhól [1238] ............ 32
Sakamannastígur - Gálgastígur [850] gata ............ 32
Leið [860] gata ............ 32
Leið [861] gata ............ 32
Moldargötur [863] gata leið ............ 32
Troðningar [864] gata leið ............ 32
Leið [865] gata ............ 33
Leið [866] gata ............ 33
Garðagata [1229] gata ............ 33
Garðastekkur ............ 34
Rétt [1232] hleðslur ............ 35
Garðastekkjartún [1234], túngarður [1243], garður [2154] og kálgarður [704] ............ 36
Fjárborg [1235] hleðslur ............ 37
Stekkur [1236] tóft ............ 38

Garðastekkur [1239] tóft ........ 39
Gálgaklettar [1237] sögustaður klettar aftaka ........ 40
Grænhóll [1238] tóft - uppgrafinn ........ 42
Skúti [1829] hleðslur ........ 43
Samantekt og niðurstöður ........ 44
Heimildir ........ 47
Árnastofnun – Örnefnasafn ........ 47
Þjóðminjasafn Íslands – Skjalasafn ........ 47
Vefsíður ........ 47

## Ljósmyndaskrá

Mynd 1 Þang úr fjörunni við Lambastaðatjörn ... 2
Mynd 2 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Garðabæ. ... 10
Mynd 3 Skráningarform í Garðabæjar grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands ... 15
Mynd 4 Þurrkgarðar á Hrauntöngum ... 16
Mynd 5 Þurrkgarður Hrauntangar ... 17
Mynd 6 Naust [706]. ... 17
Mynd 7 Eskines, hólarnir [720-756] sjást vel á þessari vetramynd. ... 18
Mynd 8 Horft yfir tóft - hóll [756] ... 18
Mynd 9 Kjarvalsklettar [750]. ... 19
Mynd 10 Málningaslettur í hrauninu eftir Kjarval. ... 19
Mynd 11 Aðhald [753] hleðslur sem þvera hraunganginn. ... 21
Mynd 12 Naust [754] hlaðið úr hraungrýti. ... 22
Mynd 13 Tóft [757] sennilega eru þetta leifar af kofanum sem tengdist æðavarpinu. ... 24
Mynd 14 Fallegur hraunstandur og hleðslur [851] ... 25
Mynd 15 Kort af leiðunum yfir Gálgahraun og Garðahraun. ... 26
Mynd 16 Fógetastígur og Móslóði ... 28
Mynd 17 Álftanesgata - Fógetastígur ... 31
Mynd 18 Fornleifar á Garðastekk. ... 34

Mynd 19 Rétt [1232]. ........ 35

Mynd 20 Fjárborg [1235] á hraunbrún Garðahrauns. ........ 37

Mynd 21 Tóft [1239] norðan við rétt [1232]. Hugsanlega er þetta hinn eiginlegi Garðastekkur. ........ 39

Mynd 22 Gálgaklettar [1237]. ........ 42

Mynd 23 Grænhóll [1238] áður en rannsókn fór fram. ........ 43

Mynd 24 Skúti [1829]. ........ 44

# Inngangur

Að beiðni Arinbjörns Vilhjálmssonar, skipulagsstjóra Garðabæjar, tók Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikvu ehf., að sér að skrá fornleifar vegna deiliskipulags Garðahrauns neðra, sem er unnið af Dagnýju Bjarnadóttur, landslagsarkitekt.

Svæðið sem um ræðir afmarkast af hrauninu sem liggur vestan Ásahverfis og norðan Álftanesvegar út að Lambhúsatjörn og Eskinesi. Svæðið tilheyrði Görðum í Garðahverfi og var nýtt af bæjunum í Garðahverfi og sennilega einnig af Hraunsholti, einkum til fjárbúskapar. Auk þess sóttu Álftnesingar þang og marhálm í Lambhúsatjörn. Hraunið ber heitin Garðahraun og Gálgahraun en Gálgahraun er sérstæð hraunspilda, nyrst í Garðahrauni við botn Lambhúsatjarnar. Hraunið er komið úr Búrfelli ofan Hafnarfjarðar. Það er hluti af miklu hrauni sem þaðan rann fyrir um 8.000 árum og nefnist einu nafni Búrfellshraun.

Gálgahraun er kennt við háan, klofinn hraundranga, Gálgaklett. Hraunið er mjög sérstakt útlits, bæði úfið og hrikalegt. Talið er að glóandi hraunstraumur hafi runnið út á mýrlendi sem þarna hefur verið, suður af Lambhúsatjörn, og vatnsgufurnar hafi sprengt það allt sundur, gert í það gíga og stórar gjár, en hrúgað upp röðlum og klettum á öðrum stöðum. Í Gálgahrauni leynist að minnsta kosti einn hellir. Jóhannes Kjarval málaði fleiri tugi málverka í Gálgahrauni og eru sum þeirra talin með helstu meistaraverkum hans.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, s.s. hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Við fornleifaskráninguna er farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands. Á umræddu svæði er að finna fornar leiðir, rétt, skjól, naust, byrgi, aðhald og garða. Minjarnar einkennast af fjárbúskap og eru flest mannvirkin við hraunbrúnina næst bænum Görðum. Minjar á Eskinesi og þar í kring eru sjóminjar. Leiðir liggja síðan yfir hraunið sjálft en yfir Gálga- og Garðahraun er þétt riðið samgöngunet. Svæðið er mikið útivistarsvæði og víða má sjá leiðir sem hafa myndast í seinni tíma oft á milli fornra leiða en einnig hefur bætt í fornar leiðir og þær orðið sýnilegri. Allar leiðir voru mældar upp.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinnu, en þeir hafa farið óteljandi ferðir um hraunið í gegnum tíðina. Margrét Valmundsdóttir fornleifafræðingur annaðist kortavinnu

og yfirlestur. Þeim og öðrum sem veittu aðstoð við gerð þessarar fornleifaskráningar er þökkuð aðstoðin. Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.

# Fyrri fornleifaskráningar

Árið 1984 fór fram fyrsta skipulagða fornleifaskráningin í Garðabæ og var hraunið sem nú um ræðir skráð að hluta til í þeirri skráningu. Árið 1999 skráði Orri Vésteinsson, fornleifafræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands, fornleifar vegna legu Álftanesvegar.[1] Síðar var fornleifaskráning unnin á vegum Þjóðminjasafns Íslands vegna rammaskipulags Garðahverfis og var þá hluti af hrauninu skráður af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner.[2] Síðar meir vann Fornleifastofnun Íslands ses. fornleifaskráningu fyrir aðalskipulagið í Garðabæ og kom sú skýrsla út árið 2009. Í þeirri skráningu er að finna skráningu á þessu svæði en þó ekki tæmandi.[3] Einnig eru til minnispunktar frá Kristjáni Eldjárn frá árinu 1978 sem snúa að svæðinu.[4] Skýrsluhöfundur hefur auk þess skráð aftur minjar í tengslum við lagningu Álftanesvegar[5] og grafið upp tóft á Grænhól.[6] Frá því fyrstu skráningar fóru fram á svæðinu hafa staðlar Minjastofnunar Íslands líka breyst hvað varðar fornleifaskráningu og ber m.a. nú að mæla upp allar minjar. Er það gert í þessari skráningu.

[1] Orri Vésteinsson.
[2] Ragnheiður Traustadóttir og Rúna K. Tetzschner.
[3] Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Rúnar Leifsson.
[4] Kristján Eldjárn.
[5] Ragnheiður Traustadóttir.
[6] Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, Lísabet og Jennica Svensson.




**Mynd 2 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Garðabæ.**

## Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

# Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar allar undir jörðina Garða í Garðahverfi. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftljósmynd frá Loftmyndum ehf.

## Jarðarnúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á t.d. „Garðastekkur [1232]" eða hlutverki þeirra t.d. „Þurrkgarður [698]". Hjá sumum minjum er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Fyrsta númer innan hornklofa er númer skráningarinnar í landfræðilega gagnagrunni Garðabæjar yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Garðabæ. Þessi númer fylgja öll í meðfylgjandi fornleifaskrá en í skýrslu þessari er látið við sitja að nota einkennisnúmer úr gagnagrunninum.

## Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild" sé til um t.d.

útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

## Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Garðabæjar. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Í hjálagðri fornleifaskrá eru bæði gefin upp GPS hnit og hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Í hjálagðri fornleifaskrá eru bæði gefin upp GPS hnit og hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

## Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vísað í aðrar heimildir.

## Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna eða eru horfnar vegna framkvæmda eða rannsókna. Í þessu tilviki er horfin hin meinta Ófeigskirkja [1248] og fornleifarannsókn fór fram á Grænhól [1238], einnig eru horfnar leiðirnar Troðningur [864] og Moldargötur [863].

1232, Garðastekkur-rétt, Arkeologiskt objekt

Attributes Text Relations Geo Objects Documents Events

| Attribute | Value |
|---|---|
| Sérheiti | Garðastekkur |
| Bæjarnafn | Garðar |
| Jarðatal Johnsen | 185 |
| Flokkun | Búsetuminjar |
| Tegund | Hleðsla |
| Leið | Garðagata [1229] |
| Lengd | 21 meter |
| Breidd | 15 meter |
| Hæð | 0,70 metrar |
| Athugasemdir | Réttin er hlaðin úr hraungrýti |
| Umhverfi | Réttin er við hraunbrúnin, gróið og gras í kring |
| Adalsvædi | Garðahraun neðra |
| Svæði | Garðahraun |
| Túnakort | <None> |
| Heimildir | KE 1976 |
| Örnefnaskrá | KE 1976. |
| Aldur | 1850-1930 |
| Skráning | RT-ÓSÁ |
| Mæling | Uppmæling |
| Ár | 2003,2009,2013 |
| Dagur | 20.08.2013 |
| Horfin | Nei |
| Horfin_astæða | <None> |
| Hættumat | Engin hætta |
| Hættuorso | <None> |
| Ástand | Vel greinanlegar fornleifar |
| GPS hnit Norður | 6405398 |
| GPS hnit Vestur | 2158570 |
| Adalskipulagsverkefni | Aðalskipulag Garðabæjar |
| Verkefni | Deiliskipulag Garðahrauns neðra |

**Mynd 3 Skráningarform í Garðabæjar grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.**

# Fornleifar á svæðinu



**Mynd 4 Þurrkgarðar á Hrauntöngum**

## Þurrkgarðar [698-699-709-710-711-712-713-714-715-716-717-719-761-762] hleðslur

Norðvesturhorn hraunsins heitir Hrauntangar og var þar þerrivöllur fyrir marhálm og þang sem skorinn var á fjörunni neðan við hraunið. Eru þetta garðlög sem hlaðin eru við náttúrulegt hraun. Þarna eru að minnsta kosti fjórtán garðlög en hugsanlega eru þau fleiri þar sem erfitt er stundum að greina á milli hvort um náttúrulegt hraun er að ræða. Þang til eldiviðar var sótt á þennan stað úr Garðahverfi fram á fyrstu ár 20. aldar. Marhálmur svipar til grass eða stráa á landi en vex í sjó. Marhálmur og þang var skorinn ef heyfengur var af skornum skammti. Þá var marhálmur notaður sem undirlag í rúm og í sængur. Söðlasmiðir notuðu hann bæði í hnakka og söðla. Hálmurinn var einnig nýttur sem einangrun á milli þilja í timburhúsum og í íshús. Sumir bænda á Álftanesi höfðu tekjur af því að hirða hálminn og selja til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar í þessu skyni.[7]

[7] Anna Ólafsdóttir Björnsson, 27.



**Mynd 5 Þurrkgarður Hrauntangar**

## Naust [706] tóft hleðsla

Í fornleifakönnun sem framkvæmd var 1999 segir: „Við norðvesturhorn Gálgahrauns, þar sem það rennur út í Lambhústjörn er dálítil vík og í henni hleðsla sem gæti verið eftir naust.“ Tóftin er að innanmáli 3,7 m x 1,8 m. Hún er hlaðin úr hraungrýti og opin í vestur. Hugsanlega er þetta naust eins og segir í fyrri skráningu en hleðslan er þó frekar lítil þannig að ef til vill tengist hún frekar þurrkun á marhálmi og þangi en hún er rétt við Sakamannastíg [850] og þurrkgarðanna.



**Mynd 6 Naust [706].**

## Stekkur [708] aðhald hleðslur

Hleðsla 5 m á lengd, 70 sm á breidd, 30 sm á hæð. Hleðslan er ein umferð og þverar Sakamannastíg [850]. Myndar lítið aðhald með hraunklettum sunnan við hleðslu. Hleðsluveggurinn snýr NS. Minjarnar eru ógreinilegar.



**Mynd 7 Eskines, hólarnir [720-756] sjást vel á þessari vetramynd.**

## Sjóbúðir – óþekkt [720-756] tóftir

Á norðanverðu Eskinesi, 60 m frá tóft [757], er að finna tvo manngerða hóla. Ekki sjást greinilegar tóftir en báðir hólar virðast manngerðir, sérstaklega [756]. Hugsanlega eru þarna sjóbúðir. Hóll [756] er 15 x 12 m og virðist vera dæld í miðjum hólnum. Hóll [720] er 12 x 8 m.



**Mynd 8 Horft yfir tóft - hóll [756]**



**Mynd 9 Kjarvalsklettar [750].**

## Kjarvalsklettar [750-1824] mótív og málningaslettur

Jóhannes Kjarval Sveinsson hafði sérstakt dálæti á Gálgahrauni og Garðahrauni. Sum málverka hans af hrauninu eru talin með hans helstu meistaraverkum. Sjá má ummerki um veru málarans við listsköpun sína í hrauninu en sjáanlegar eru málningarslettur á nokkrum stöðum. Kjarvalsklettar eru á milli hins nýja Álftanesvegar og hins nýja einbýlishúsahverfis, Prýði, sem teygir sig inn í hraunið. Þar varði Kjarval löngum stundum við að mála hraunið og landslagið eins og hann sá það. Mótívin eru miklu fleiri en hægt er að gera grein fyrir í þessari skýrslu.



**Mynd 10 Málningaslettur í hrauninu eftir Kjarval.**





## Þúst [752]

Á Eskineseyri, 40 m austan við sjóbúðir [720-756], virðast vera manngerðar grjóthleðslur. Hleðslurnar eru afar ógreinilegar og erfitt að átta sig á hlutverki þeirra.

## Aðhald [753] hleðsla

Rétt ofan við tóft [757], 3 m SV við, er hraungangur þar sem má finna hleðslur sem þvera ganginn á tveimur stöðum og mynda aðhald. Hleðslurnar hafa hrunið. Hleðslulengd beggja er um 2 m, breidd um 40 sm og hæð um 30 sm.  Hugsanlega tengjast þessar hleðslur tilraun með æðavarp og hænur á Eskinesi, sjá [757], eða þá fjársýslu í hrauninu.



**Mynd  11 Aðhald [753] hleðslur sem þvera hraunganginn.**

## Naust [754] hleðsla

Náttúrulegur hraunbás sem hefur verið hlaðinn. Hleðsluþykkt er mest í norður- og vesturvegg. Hlaðið hefur ofan á náttúrulegan klett í austurveggnum. Op er í SA. Að innanmáli er mesta lengd 8 m og breidd 1,6 m. Þykkt norður- og vesturveggja er um 70 sm.



**Mynd 12 Naust [754] hlaðið úr hraungrýti.**

## Leið [755] og 759] gata

Leið [755] hefst í Hraunviki og þræðir strönd út að Eskinesi. Leiðin þræðir hraunbrúnina og er hún vel greinileg. Ekki eru til neinar heimildir um þessa leið en augljóst er að hún hefur verið notuð til að komast út í Eskines, hún fer rétt ofan við skúta [1829] og er stuttur afleggjari frá leiðinni niður í skútan, hún er um 20 vestan við naust [754]. Leiðin skiptist síðan um 40 metrum suðvestan við kofa/tóft [757] og fer hluti hennar í austur að Eskinesi og hin fer áfram út að Vatnagörðum og Gálgaklettum, leið [759]. Leiðin er í dag mikið notuð af útivistarfólki en hefur upphaflega verið leið að þeim minjum sem er finna í kringum hana.

## Tóft [757] hæsnakofi æðarvarp

Í endurminningum sínum frá 1968 segir Ólafur Þorvaldsson: „Hrauntanga þann, sem gengur fram í sjó, milli Arnarnesvogs og Lambhúsatjarnar, hef ég frá æskuárum heyrt nefndan „Eskineseyrar“ og munu eldri nágrannar þessa staðar enn kannast við það nafn, þótt enginn viti nú, af hverju dregið er.“ Síðan segir hann frá kofarúst í hraunjaðrinum upp af Eskineseyrum: „Sögu þessa tóttarbrots hef ég frá fólki, sem mundi byggingu hennar og tildrög. - Það mun hafa verið skömmu eftir komu séra Þórarins Böðvarssonar að Görðum, sennilega nálægt 1870 að honum kom til hugar, hvort ekki mundi kleift að rækta æðarvarp á Eskineseyrum. Séra Þórarinn mun hafa verið kunnugur æðarvarpi frá Ísafjarðardjúpi, áður en hann fluttist að Görðum, og hvort tveggja vitað, bæði um gagnsemi þess og það, að mögulegt væri að koma upp varpi, þar sem ekki var áður, ef aðstaða væri sæmileg og natni og kunnátta viðhöfð. Þar eð Garðakirkja átti þetta land, og svo vildi til, að mjög skammt undan var mikið varpland, Bessastaðanes, og fugl fór mikið um sundið milli nessins og Eyranna, mun séra Þórarinn hafa talið ómaksvert að reyna, hvort ekki væri hægt að fá eitthvað af fugli, sem þarna fór um, til þess að taka heima á Eskineseyrum, væri eitthvað til þess gert, byggð hreiður og annað, sem fylgir þess konar starfsemi. Hann lét því ekki við hugmyndina eina sitja, heldur lét hann byggja kofa þann, sem enn sést móta fyrir, og flutti þangað karl og konu, sem búa skyldu í haginn fyrir æðarfuglinn. Einnig lét hann þau hafa með sér nokkur hænsn, þar eð talið var, að hænsn lokkuðu fuglinn að með vappi sínu úti við, ásamt söng hanans. Lítinn eða engan árangur mun tilraun þessi hafa borið og var því bráðlega hætt frekari tilraun í þessa átt, og hefur víst ekki síðan verið freistað að koma æðarvarpi upp á Eskineseyrum.“[8] Séra Þórarinn (f. 1825) var prestur í Görðum á tímabilinu 1868-95.[9]

---

[8] Ólafur Þorvaldsson, 144, 146-147.
[9] Sveinn Níelsson.



**Mynd 13 Tóft [757] sennilega eru þetta leifar af kofanum sem tengdist æðavarpinu.**

Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: „Skammt fyrir innan Gálga [1237] byrja Vatnagarðar, en svo heitir hraunið með Lambhúsatjörn. Nokkru fyrir austan þá eru Eskineseyrar svokallaðar. Í hraunjaðrinum fyrir ofan Eskineseyrar byggði séra Þórarinn í Görðum kofa, er hann hugðist koma sér þar upp æðarvarpi. Rústir kofans sjást enn. Eskineseyrar ganga til austurs út í Arnarnesvog. Á Eskineseyrum er fjörumór“.[10]

Samkvæmt Fornleifakönnun 1999 er kofinn í gjá ofan við Eskines.[11] Tóftin er ágætlega varðveitt og er hún hlaðin úr torfi og grjóti, inngangur er í hana vestan megin. Tóftin er um 3 metrar á lengd og 2,8 á breidd. Veggir eru um 90 cm á breidd og hæð mest 30 cm.

## Girðing [758] og [705] garðlag

Fjárgirðing rétt neðan við hraunbrún Garðahrauns við leið frá Garðastekk [1232] út að Lambhúsatjörn. Girðingin er 7 m á lengd, 80 sm á breidd og 30 sm á hæð. Fjárgirðing [705] er

[10] Ö-Garðahverfi KE, 16.
[11] Orri Vésteinsson, 6.

5,8 m og 70 sm á breidd. Þetta eru leifar af undirstöðum og er þær hlaðnar út hraungrýti. Það er líklegt að fleiri undirstöður sé að finna í hrauninu.

## Skjól [851]

Hleðslur í hellisskúta. Hlaðið hefur verið með smáu grjóti fyrir hellisskúta svo skjól myndist. Líklega er um smalaskjól að ræða en einnig kunna hleðslurnar að vera eftir börn.



**Mynd 14 Fallegur hraunstandur og hleðslur [851]**

## Fornar leiðir í hrauninu

Yfir Gálgahraun og Garðahraun er að finna þétt samgöngunet af leiðum frá mismunandi tímum. Ekki eru heimildir til um allar þessar leiðir en allar hafa þær verið mældar upp sem eru vel sýnilegar. Svæðið er mikið útvistarsvæði og eitthvað af leiðunum hefur myndast í seinni tíð. Einnig hefur hinum fornu leiðum verið viðhaldið með notkun á þeim.

Fógetastígur er hin forna alfaraleið frá Reykjavík á Álftanes og lá yfir Gálgahraun rétt fyrir sunnan Hrauntangaflöt yfir í Hraunsholt við Hraunsvík. Greinist hann þar í tvo slóða og hefur annar suðvestlæga stefnu nokkurn veginn á enda holtsins. Eru þar djúpir troðningar og hófför í klöppum. Hinn slóðinn nefnist Garðagata og liggur um Garðaholt frá Görðum inn á Garðahraun við Garðastekk. Frá Fógetastíg liggja aðrar fornar leiðir. Móslóði tengist honum nyrst þar sem hann kemur inn á Garðahraun og liggur í suðlæga stefnu áleiðis að Engidalshrauni. Garðhverfingar fóru um þennan stíg yfir hraunið inn að Arnarnesvogi að sækja mó sem var reiddur heim á klyfhestum. Sakamannastígur-Gálgastígur liggur frá Fógetastíg með Lambhúsatjörn að Gálgaklettum. Leiðir liggja síðan yfir hraunið sjálft.




**Mynd 15 Kort af leiðunum yfir Gálgahraun og Garðahraun.**

## Mósløði [845] gata

Að norðanverðu tengist Móslóði við Fógetastíg þar sem hann kemur inn á Garðahraun en liggur svo í suðlæga stefnu þvert yfir Garðahraunið áleiðis að Engidalshrauni. Mór var lengi sóttur úr mógröfum innan við Arnarnesvoginn og fluttur til Garðahverfis um Móslóða. Í örnefnalýsingu frá 1976-7 segir: „Stígur úr Garðahverfi lá meðfram Garðaholti og yfir Flatahraun og svo yfir hraunið inn að Arnarnesvogi, en þar tóku Garðhverfingar upp mó. Troðningur þessi var nefndur Móslóði. Hann var við líði fram um 1920, en er nú að mestu uppgróinn. Eftir honum var farið með klyfjahesta og reiddur mór úr Hraunsholtsmýri, áður en akvegur kom til sögunnar.“[12] Í fornleifakönnun frá 1999 segir: „Þessi stígur hefur verið sá austasti af þeim sem lágu yfir hraunið milli Garða og Hraunsholts. Hann hefur af lýsingunni að dæma legið upp í hraunið á svipuðum slóðum og Álftanesvegur kemur nú niður úr því að sunnan, og þaðan legið til norðurs uns hann sameinaðist Fógetagötu í miðju hrauninu. Víða sjást troðningar á þessum slóðum en hvergi er hægt að rekja ákveðna götu alla þessa leið. Þessi leið hefur verið ívið greiðfærari með reiðingshesta heldur en aðalleiðin sem lá norðar.“[13] Hægt var að rekja slóðann á köflum og hefur hann verið mældur upp.

[12] Ö-Garðahverfi KE, 14-15, 17.
[13] Orri Vésteinsson, 9.



**Mynd 16 Fógetastígur og Móslóði**

## Álftanesgata - Fógetastígur nyrðri og syðri [846] og [847]

Í örnefnaskrá frá 1964 er nefndur Gálgahraunsstígur nyrðri. Í Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar segir: „Einar Laxness sagði í fyrirlestri í Bessastaðakirkju 15. október 1995 að Kristján Eldjárn hefði nefnt gömlu leiðina frá Bessastöðum, sem lá yfir Gálgahraun og norðan með Hraunsholti, Fógetagötu.“[14] Stígurinn lá yfir Gálgahraun rétt fyrir sunnan Hrauntangaflöt yfir í Hraunsholt við Hraunsvík. Við stíginn var útsýnisklettur, Stóri-Skyggnir, staðsettur austarlega í Gálgahrauni suður frá Gálga, sunnan við Gálgahraunsstíg. Auk þess var annar klettur, Litli-Skyggnir, sunnan Stóra-Skyggnis.[15] Í örnefnalýsingu 1976-7 segir: „Gamli vegurinn (götuslóði) úr Reykjavík út á Álftanes lá yfir Hraunsholtslæk og út með ströndinni. Hann greindist í tvo slóða í Hraunviki. Hefur annar suðvestlæga stefnu nokkurn veginn á Holtsendann (þar sem sandnámið var). Hann var við líði fram um 1920, en er nú að mestu uppgróinn. Er þetta hinn fyrrnefndi Móslóði. Hinn götuslóðinn úr Hraunviki hefur vestlæga

[14] Guðlaugur R. Guðmundsson, 66.
[15] Gísli Sigurðsson.

stefnu, og hefur hann verið alfaraleið á liðnum öldum. Víða sjást djúpir troðningar og hófaför í klöppunum. Hann greinist um mitt hraunið. Liggur annar í Garðahverfið, en hinn út á Álftanes. Rétt sunnan við, þar sem vegirnir skiptast, er Skyggnir, stór, einstæður klettur. Skammt frá Skyggni var síðasta birkihríslan í Garðahrauni. Stóð hún af sér ágang manna og dýra fram undir 1940.“[16] Kristján Eldjárn skoðaði svo götuna árið 1979: „Alfaraleið hefur áður fyrri verið yfir Gálgahraun, frá Bessastöðum (eða Álftanesi) og til Arnarnesvogs og svo áfram til Kópavogs og Reykjavíkur. Hér er aðeins verið að tala um vegarspottann yfir Gálgahraun. Hann sést enn mjög greinilega og er ekki líklegur til að hverfa, þó að tímar líði. Vestan hraunsins er auðvelt að greina hina gömlu götuslóð, þó að tímans tönn hafi nokkuð svo máð yfirbragð þeirra, og síðan sveiflar gatan sér upp á hraunið, þar sem vel hefur þótt haga til, og er frá þeim stað ekki nema snertispölur að stekkjarstæðinu og réttinni [1232] sem hér er í hraunjaðri. Eins og aðrar hraunslóðir hlykkjar gatan sig þvert yfir hraunið, eftir því sem best hefur þótt henta, sneiðir hjá grófustu svæðunum og lætur sig ekki muna um útúrdúra til þess að sem sléttast sé undir og helst grasi vaxið. Alls staðar er þó grunnt á grjótinu og víða stendur hraunið upp úr, en athyglisvert er að hvergi er mjög áberandi að mörkuð sé gatan í helluna undan hestahófum, aðeins eins og lítið eitt slípað; kannski er hraunið nokkuð hart. Að innanverðu kemur gatan út úr hrauninu niðri undir sjó, þar sem Arnarnesvogur teygir innsta eða vestasta anga sinn lengst inn í landið, og er lítill vandi að komast þaðan í skarðið sem er upphaf götunnar þarna megin. Gata þessi er merkileg, meðal annars fyrir það hve skýrt hún er mörkuð nú eins og nokkuð djúpur grasi gróinn skorningur. Maður undrast hvers vegna hún er svona djúp. Helst er að sjá að menn hafi hjálpað upp á hana heilmikið, en ekki að hún sé grafin af hestahófum einum saman. En hún er nú eflaust þrengri að sjá nú en hún hefur verið.“[17] Götunni var einnig lýst nákvæmlega við fornleifakönnun 1999 vegna fyrirhugaðra breytinga á veginum milli Engidals og Selskarðs: „Troðningar sjást meðfram fjörunni í Hraunviki og upp með hraunbrúninni vestan við vikið, en um 50 m frá flæðarmáli, þar sem lítið vörðutyppi er á brúninni liggur gatan upp á hraunið og er þar geil í brúnina. Hraunið er allslétt um 400 m beint vestur frá Hraunviki og liggur leiðin um það slétta svæði og skiptist gatan sumstaðar í fleiri en eina rás en er allsstaðar mjög skýr. Hún liggur síðan í hlykk fram

[16] Ö-Garðahverfi KE, 17.
[17] Kristján Eldjárn.

hjá hraunklettum þar sem hraunið er einna hæst og beygir til norðvesturs vestan við klettana. Þar sem gatan beygir er hraunið allslétt og gætu troðningar legið þaðan til suðurs og suðvesturs en ekki eru þeir skýrir. Frá beygjunni liggur gatan beint í um 300 m - og er þar samsíða fyrirhuguðu vegarstæði, sumstaðar innan við 20 m frá því, en fer undir veglínuna við hæl sem merktur er 1660 m. Þar beygir gatan til vesturs og liggur síðan niður úr hrauninu á móts við hleðslu sem mögulega er af gömlum stekk [1236]. Í flagmóunum vestan við hraunið má rekja götuna áfram til vesturs og hefur hún nokkuð beina stefnu á Selskarð. Þar sem gatan nálgast fjörumál í Lambhústjörn eru götupaldrar á stuttum kafla en síðan hverfur hún alveg í mýri og flög. Vestan við Selskarð sést framhald götunnar en þar hefur verið gerður malarvegur, nú aflagður. Líklegt er að gatan hafi klofnað við Selskarð og austari grein legið út á Bessastaði en hin á vesturhluta Álftaness. Á móts við núverandi Garðaholtsveg liggur annar slóði upp í hraunið, um 100 m norðan við Garðastekk og liggur til norðausturs og sameinast aðalgötunni eftir um 250 m. Þetta mun vera gatan sem lá í Garðahverfi. Í hrauninu er gatan víðast alldjúp geil, allt að 1 m djúp og 1-2 m breið, algróin. Brotnað hefur af götunni á einum stað við Lambhústjörn. Þessi leið hefur verið notuð fram á síðustu ár 19. aldar en sumarið 1873 var lagður vegur yfir Flatahraun frá Sjónarhóli í Engidal, og framhald á honum áleiðis á Hraunsholtið 1879. Endanleg vegtenging við Reykjavík kom þó ekki fyrr en 1897-99. Eftir það mun aðalleiðin á Álftanes hafa fylgt hinum uppbyggða vegi milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur og beygt útaf honum í Engidal.“[18]

[18] Orri Vésteinsson, 10-11.



**Mynd 17 Álftanesgata - Fógetastígur**

## Leið [849] gata að Grænhól [1238]

Slóði gata sem lá frá Álftanesgötunni eða Engidalsstígnum að Grænhóll.

## Sakamannastígur - Gálgastígur [850] gata

Sakamannastígur liggur frá Fógetastíg með Lambhúsatjörn beint að Gálgaklettum. Skammt norðan stígsins má sjá þurrkgarða. Í Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar segir að Gálgastígur/Sakamannastígur hafi legið „inn í hraunið, sunnan við Lambhúsatjörn“, og „að komast mátti að Gálga frá Gálgahraunsstíg nyrðra. Gálgastígur hefur miðast við stystu leið frá Bessastöðum“.[19]

## Leið [860] gata

Leiðin er frá Fógetastíg syðri í suður í átt að Engidal.

## Leið [861] gata

Leiðin er frá Garðastekk í norður í átt að Álftanesgötu.

## Moldargötur [863] gata leið

Í Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar segir: „Moldagöturnar lágu vestan við Troðningana [864] við Hraunsholtslæk og upp með Gálgahrauni að norðaustan, þvert suður frá vesturenda Troðningana“.[20] Þessi leið er alveg horfin sennilega lá hún þar sem malbikaður göngustígur er við hraunbrúnina á Garðahrauni.

## Troðningar [864] gata leið

Í Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar segir: „Troðningarnir voru rétt ofan til við fjöruna vestan við Hraunholtslæk, vestan við Neðrifossa og Réttartanga“.[21] Einnig að „[m]oldagöturnar lágu vestan við Troðningana [864] við Hraunsholtslæk og upp með Gálgahrauni að norðaustan, þvert suður frá vesturenda Troðningana“.[22] Troðningar eru horfnir en sennilega lá leiðin þar sem malbikaður göngustígur er við hraunbrúnina á Garðahrauni.

---

[19] Guðlaugur R. Guðmundsson, 96.
[20] Sama heimild, 125.
[21] Sama heimild, 145.
[22] Sama heimild, 125.

## Leið [865] gata

Leiðin er frá Álftanesgötu - Fógetastíg [845-847] yfir nokkuð slétt hraunið í norður og tengist þar Sakamannastíg-Gálgastíg [850]. Ekki er getið um þessa leið í heimildum en ummerki um hana eru skýr og leiðin vel greinileg á stórum köflum. Líklega er um forna leið að ræða.

## Leið [866] gata

Leið frá Gálgaklettum yfir Gálgahraun, kemur inná Fógetastíg nyðri. Ekki ljóst hvort um gamla leið er að ræða.

## Garðagata [1229] gata

Samkvæmt Skrá yfir örnefni og fiskimið lá Garðagata „frá Garðahliði norður holtið hjá Prestahól í Stekkinn [1239]".[23] Gatan virðist halda áfram norður við Garðastekk [1239] en þar liggur samkvæmt Fornleifakönnun 1999 annar slóði upp í hraunið til norðausturs og sameinast Álftanesgötu eða Fógetastíg nyrðra [845-847] eftir um 250 m.[24]

[23] Gísli Sigurðsson.
[24] Orri Vésteinsson.




**Mynd 18 Fornleifar á Garðastekk.**

## Garðastekkur

Við brún Gálgahrauns, miðs vegar milli Garðaholtsenda og Lambhúsatjarnar, er að finna stekkjarstæði frá Görðum og nokkur tún umhverfis. Þar er fjárrétt [1232] og tóftir gamla stekksins [1239], Garðastekks, og við hann eru kennd Garðastekkstún [1234], grónar flatir út frá hrauninu kringum stekkinn, girtar af með grjóthlöðnum túngarði [1243] og má víða sjá undirstöður hans enn. Þar var seinna girt af land til ræktunar og nytjað frá Görðum. Fjárréttin er hlaðin úr hraunsteinum og var notuð fram yfir 1930. Hún er um 20 x 6 m og hlaðin upp að

hraunbrúninni. Auðséð er að réttin hefur verið byggð á einhverjum rústum sem mótar fyrir inni í almenningnum og í krika milli norðurveggjar hennar og dilkveggjar þar. Rétt fyrir norðan réttina er grasivaxin tóft [1239], um 12 m löng og 4–5 m breið og aftan úr henni að austan mögulega kró eða smátóft, ef til vill hinn eiginlegi stekkur og sokkið garðlag fyrir norðan hana [1240]. Sunnan við réttina er svo kálgarður [704].

Fjárborg [1235] hefur verið á hraunbrúninni fáeinum metrum ofan við Garðastekk og réttina en nú er ekkert eftir nema undirstöðurnar. Borgin hefur verið kringlótt hlaðin úr hraungrjóti, um 10 m í þvermál út á ytri brúnir. Trúlegt virðist að borgin hafi verið rifin til þess að fá grjót í réttina sem hlaðin hefur verið á stekkjarstæðinu og enn stendur. Sennilega eru allar þessar minjar á einhvern hátt tengdar stekkjarlífinu.

Hér fyrir neðan eru lýsingar á hverri tóft fyrir sig.



**Mynd 19 Rétt [1232].**

## Rétt [1232] hleðslur[25]

Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: „Krummaklettar eru fyrsta örnefnið á hægri hönd, þegar farið er norður hraunbrúnina norðan Álftanesvegar. Hefur hraunskelin brotnað þar niður og myndað klettana. Þarna hefur hrafn orpið annað slagið. Rústir af gamalli fjárrétt, Garðastekk, eru u. þ. b. 150 metrum norðan við Krummakletta, á móts við Garðaholtsveg, þar sem hann kemur á Álftanesveg. Rétt þessi var notuð fram yfir 1930.“[26] Í minnispunktum Kristjáns Eldjárns segir að í stekkjarstæðinu séu enn „talsverðar minjar [...] að sjá, og mun þó það sem

[25] Ragnheiður Traustadóttir og Rúna K. Tetzschner, 52.
[26] Ö-Garðahverfi KE, 15.

mest ber á ekki vera tengt stekknum [1239], heldur er það sýnilega rétt, hlaðin úr hraunsteinum og virðist varla geta verið mjög gömul. Mætti ef til vill segja að réttin sé almenningur og þrír dilkar. Hún er um 20 x 6 m og hlaðin upp að hraunbrúninni. Auðséð er að réttin hefur verið byggð á einhverjum rústum sem mótar fyrir inni í almenningnum og í krika milli norðurveggjar hennar og dilkveggjar þar. [...] Grjótgarður [1243] hefur verið kringum allstórt stekkjartún og sér nú víða undirstöður hans en þó ekki allt í kring. Mann grunar að grjót hafi verið tekið úr þessum garði þegar réttin var hlaðin.“[27]

Samkvæmt Fornleifaskráningu 1984 er þetta „vel hlaðin rétt, skiptist í 4 megin hólf - 1 „safn“ og 3 hólf [...] hlaðin úr hvössu grjótinu úr Gálgahrauninu“. „Veggir eru 0,3-1 m á breidd og 0,5-1 m á hæð.“[28]

Við Fornleifakönnun 1999 segir svo: „Grjóthlaðin rétt með 4 hólfum og vestan við hana gróin tóft [1239]. Réttin er hlaðin utan í hraunkant og hefur stekkjartún verið í kring. [...] Réttin skiptist í fjögur hlaðin hólf en milli hennar og hraunsins myndast einnig tvö hólf til viðbótar. Þá sjást leifar af fimmta hólfinu nyrst. Sunnan við það er 11 x 9 m hólf með dyrum á vesturvegg og eru hleðslurnar allar bogadregnar í þessu hólfi. Sunnan við það er stærsta hólfið og er ekki gengt á milli. Það er 19 x 6 m og er aðeins gengt úr því í annað af tveimur minni hólfum sem eru áföst við það sunnan við. Þau eru bæði um 5 x 5 m með dyr á suðurvegg.“[29]

## Garðastekkjartún [1234], túngarður [1243], garður [2154] og kálgarður [704]

Samkvæmt örnefnaskrá frá 1964 voru Garðastekkjartún „grónar flatir út frá hrauninu kringum stekkinn. Þar var seinna girt af land til ræktunar og nytjað frá Görðum.“[30] Um það segir Kristján Eldjárn árið 1978: „[...] er þar nú að sjá allstórt ræktað tún, sem nytjað er frá Katrínarkoti. [...] stekkjarstæði frá Görðum og nokkur tún umhverfis. Grjótgarður hefur verið kringum allstórt stekkjartún og sér nú víða undirstöður hans en þó ekki allt í kring. Mann grunar að grjót hafi verið tekið úr þessum garði þegar réttin var hlaðin. Ætla má að stekkjartúnið hafi verið allt að 80 x 100 m, en ekki er þetta nákvæmt.“[31] Í fornleifakönnun frá

---

[27] Kristján Eldjárn.
[28] Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson, „1300-82“.
[29] Orri Vésteinsson, 9-10.
[30] Gísli Sigurðsson.
[31] Kristján Eldjárn.

1999 segir: „Stekkjartún hefur verið í kringum stekkinn [1236] og hefur það verið ræktað upp og er enn notað. Norðan við stekkjartúnið eru kálgarðar frá þessari öld. Fjær eru stórgrýttir flagmóar.“[32]



**Mynd 20 Fjárborg [1235] á hraunbrún Garðahrauns.**

## Fjárborg [1235] hleðslur

Fjárborg hefur verið á hraunbrúninni fáeinum metrum ofan við Garðastekk og réttina [1232] en nú er ekkert eftir nema undirstöðurnar. Í Minnispunktum úr skoðunarferð 1978 segir Kristján Eldjárn: „Fjárborg hefur verið á hraunbrúninni; beint andspænis Görðum, fáeinum metrum ofan við réttina og aðrar minjar þar sem heitir Stekkur [1236]. Varla er unnt að segja með réttu að fjárborgin sé hluti af stekksminjunum, þótt hvort tveggja sé viðkomandi sauðfé, og þess vegna er borgin talin sér. Nú er ekkert eftir af borginni nema undirstöðurnar, en þær eru líka mjög greinilegar og skemmtilegar. Borgin hefur verið hlaðin úr hraungrjóti og alveg

[32] Orri Vésteinsson,7 og 9.

kringlótt, um 10 m í þvermál út á ytri brúnir. Veggir allþykkir. Trúlegt virðist að borgin hafi verið rifin til þess að fá grjót í réttina [1232] sem hlaðin hefur verið á stekkjarstæðinu og enn stendur. Grjótið er allt með skófum og litum eins og hraunið sjálft svo að næstum lítur út eins og náttúran sjálf hefði teiknað þennan hringferil svona hárrétt á jörðina. En svo er þó reyndar ekki, heldur er þetta eitt af mörgum fjárskjólum hér á Reykjanesi, þar sem útigöngufé var ætlað að ganga af, helst allan veturinn.“[33]

Við Fornleifaskráningu 1984 er fjárborgin sögð vera „á hrauntá í jaðri Gálgahrauns“ um 30 m norðaustan og ofan fjárkofans [1239] og rúmlega 375 m frá Bessastaðaveg. Rústin er mjög skýr, „hringlaga eða réttur hringur að utanmáli“, um 11 m í þvermál. Veggir eru um 2 m á breidd og auðgreinanlegir því þeir eru ólíkt umhverfinu lítt mosagrónir. Hæð þeirra er ekki teljandi en í rústinni miðri er grjót og hún er há miðað við umhverfið.“[34]

Lýsingar úr fyrri skráningum lýsa fjárborginni vel og uppmæld er hún rúmir 11 metrar en báðir segja að hún sé í Gálgahrauni en rétt er að hún er í Garðahrauni.

## Stekkur [1236] tóft

Samkvæmt Fornleifakönnun 1999 eru um 200 m norðan við Garðastekk [1239] hugsanlegar „leifar af eldri stekk [...] gömul hleðsla í hraunbrúninni“, þ.e. nánar tiltekið „þar sem gamla þjóðleiðin [Álftanesgata-Fógetastígur 845-847] kemur niður úr Gálgahrauni að vestan [...] utan í hraunkantinum norðan við götuna [...] vallgróinn hvammur næst, fjær eru flagmóar. Hleðslan er 3 m löng, einföld hraungrýtishleðsla, hvergi meir en tvö umför. Austan við hana er vallgróin hvilft upp í hraunbrúnina og er sokkin grjóthrúga um 16 m austar sem gæti hafa verið á móti hleðslunni. Á milli er óreglulegur þúfnarimi sem gæti verið yfirgróin vegghleðsla. Hefur verið einhvers konar rétt eða aðhald, mögulega stekkur.“[35]

---

[33] Kristján Eldjárn.
[34] Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson, „1300-81“.
[35] Orri Vésteinsson, 7, 11.



**Mynd 21 Tóft [1239] norðan við rétt [1232]. Hugsanlega er þetta hinn eiginlegi Garðastekkur.**

## Garðastekkur [1239] tóft[36]

Í Örnefnalýsingu 1958 er Garðastekkur sagður vera norðaustan Presthóls, „niður við hraun“.[37]

Samkvæmt Örnefnaskrá 1964 var hann „í hraunbrún Gálgahrauns miðs vegar milli Garðaholtsenda og Lambhúsatjarnar [...] spölkorn niður frá vegamótum. Þar eru hleðslur og tættur gamla stekksins.“ Við hann eru kennd Garðastekkatún „grónar flatir út frá hrauninu kringum stekkinn [...] Þar var seinna girt af land til ræktunar og nytjað frá Görðum.“[38]

Kristján Eldjárn skoðaði svo minjarnar og lýsti þeim árið 1978: „Beint austur af [Presthól], við jaðar Gálgahrauns, heitir Stekkur og er þar nú að sjá allstórt ræktað tún, sem nytjað er frá Katrínarkoti. [...] En rétt fyrir norðan réttina er grasivaxin tóft [1239] , um 10 m löng og 4-5 m breið. Ekki er skynsamlegt að fullyrða hvað þetta er, en sennilega eru öll þessi gömlu

[36] Ragnheiður Traustadóttir og Rúna K. Tetzschner, 51.
[37] Ö-Garðahverfi AG, 2.
[38] Gísli Sigurðsson.

ummerki á einhvern hátt tengd stekkjarlífinu. Mikill graslubbi torveldar að gera sér grein fyrir rústunum. Heim að Görðum er hæfilegur stekkjarvegur og staðurinn er upplagður sem stekkjarstæði.“[39]

